

Útskriftarræða 10. júní 2017

Ágætu útskriftarnemar, aðrir Bifrestingar og gestir.

Við erum samankomin á mikilli gleðistund í lífi okkar allra. Yfir 120 nemendur eru að útskrifast með próf frá skólanum okkar. Þetta er glæsilegur hópur. Við eru öll stolt af árangri þeirra. Nám í Háskólanum á Bifröst er stórt skref áfram í lífi allra sem koma til okkar hingað í skólann. Þetta skref og útskrift úr skólanum er alltaf upphafið að einhverju meira og betra. Námið opnar dyr inn á nýjar framtíðarbrautir, skapar tækifæri sem eru í senn spennandi og ögrandi.

Við höfum allar ástæður til að gleðjast og fagna. Njóta dagsins og horfa bjartsýn fram á veginn. En við skulum líka þakka fyrir okkur. Ljúft er og skylt að þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í því að skapa þessa gleðistund. Í stuðningsliði útskriftarnemanna eru fjölskyldur og vinir sem hafa lagt sitt af mörkum. Hvatt til dáða. Veitt svigrúm. Sýnt skilning. Hjálpað til með ýmsum hætti. Gefum stuðningsliðinu sinn hlut í gleðinni.

Við tökum ekki neitt frá útskriftarnemunum sjálfum. Prófgráður frá Bifröst koma ekki sjálfkrafa. Það þarf að hafa fyrir þeim. Verkefnin skila sér ekki sjálf. Prófin taka sig ekki sjálf. Við þurfum að hafa fyrir öllu hér í Háskólanum á Bifröst. „Það skeður ekkert fyrir okkur“ segum við. Það á ekki síst við um nemendur skólans. Nám á Bifröst er ekki bara vinna, það er heilmikil vinna og miklar kröfur eru gerðar. Útskrift úr skólanum okkar sýnir að gott verk hefur verið unnið.

Útskriftarnemarnir okkar ætla sér lengra í lífinu.

Verzlunarstjórnunarfólkið vill verða betra í sínu fagi. Þau sem útskrifast úr Háskólagáttinni hafa nú öðlast réttindi til háskólanáms, BS og BA

nemendurnir geta haslað sér stærri völl á vinnumarkaðnum eða haldið áfram í meistaranám. Og þau sem ljúka meistaranámi hafa styrkt stöðu sína á vinnumarkaðnum. Það er gaman að fylgjast með Bifrestingum á vinnumarkaðnum. Við sjáum víða fréttir af þeim og lesum um hvað þeir eru að gera og hvernig námið á Bifröst hefur gagnast. Við bíðum spennt eftir því að sjá hvaða afrek útskriftarnemar okkar í dag eiga eftir að vinna. Þau munu örugglega láta að sér kveða.

Margir sem útskrifast hér í dag ætla að halda áfram námi hér í Háskólanum á Bifröst. Velkomin aftur í haust. Við hlökkum til að sjá ykkur og hjálpa ykkur við að takast á við ný og spennandi verkefni. Við hina sem kveðja skólann vil ég segja: Þakka ykkur fyrir ykkar framlag til skólans og megið þið öll njóta ykkar í hverju því sem þið takið ykkur fyrir hendur.

Háskólinn á Bifröst verður 100 ára stofnun á næsta ári. Ein öld er langur tími í öllu því sem íslenskt er svo ekki sé talað um hvað við erum komin með stóra markaðshlutdeild í Íslandssögunni sem er nú ekki nema rúmlega 1100 ára. Eftir rúman áratug verðum við búin að ná 10% markinu miðað við lengd Íslandssögunnar. Það er merkilegt í sögu skólans að hlutverk hans hefur verið óbreytt allan þennan tíma. Hlutverk skólans er að mennta fólk til forystustarfa í atvinnulífinu og samfélaginu. Og skólinn hefur staðið undir þessu hlutverki.

Bifrestingum hefur almennt gengið vel þar sem þeir hafa haslað sér völl.

Bifrestingar eru ekki að taka að sér forystustörf bara til þess að ráða og ráðskast með mál og fólk. Við höfum líka tilgang með því að sækjast eftir tækifærum til forystu. Við Bifrestingar viljum láta gott af okkur leiða. Við viljum vera skapandi einstaklingar sem styrkja atvinnulífið og bæta samfélagið. Við höfum metnað. Vissulega. Og metnaður er dyggð. En við viljum varast græðgi. Því að græðgin er löstur. Við viljum þekkja

línuna á milli metnaðar og græðgi. Einmitt það viljum hafa lært eftir vist okkar í Háskólanum á Bifröst.

Við viljum líka geta verið stolt fólk. Ég sé stoltið skína hér í salnum. Stoltið af góðum árangri af mikilli vinnu og þolgæði. Bifrastarglampinn er í augum ykkar allra kæru útskriftarnemar. En við erum ekki hrokafull. Við þekkjum muninn á stolti og hroka. Í Háskólanum á Bifröst lærum við að læra. Við vitum að við búum ekki yfir allri þekkingu heimsins í okkar fögum. Við þekkjum takmörk okkar og vitum hvað við vitum í raun lítið. En Háskólinn á Bifröst kennir betur en flestir aðrir skólar hvernig á að afla sér nýrrar þekkingar. Það sem við lærum úreldist oft því að landamæti þekkingarinnar eru sífelld að færast út. Ný tækni ryður sér til rúms á miklum hraða. Við þurfum sífelld að tileinka okkur nýjungar og vera í fararbroddi breytinganna sem nýmælin leiða af sér.

Við Bifrestingar erum því ekki bara stolt fólk. Við erum líka auðmjúkt fólk. Við berum mikla virðingu fyrir því sem við höfum lært en gerum okkur grein fyrir því að við munum alltaf eiga mikið eftir ólært. Í Háskólanum á Bifröst lærum við líka að hlusta á aðra og vinna með öðrum. Við tileinkum okkur samvinnu og geta okkar til samvinnu við annað fólk er hefur lykilþýðingu. Öll hópaverkefni og misserisverkefni ganga einmitt út á að efla samvinnuhæfni okkar. Við þurfum að hlusta á aðra en líka að geta staðið á okkar þegar við á. Við lærum líka að standa fyrir máli okkar. Já, við lærum að læra og lærum hvað við vitum lítið en lærum líka að fúska ekki með það litla sem við vitum. Við erum trú okkur sjálfum og sannfæringu okkar. Við kunnum að vera í liði og leggja okkar af mörkum og vinna þétt með liðsfélögum. Bifrestingar læra að leysa verkefni og vandamál. Þess vegna njóta þeir trausts og gengur vel í atvinnulífinu.

Við viljum að Bifrestingar taki að sér forystuhutverk í atvinnulífinu og samfélaginu. Það kallar líka á ábyrgð. Útskriftarnemarnir sem við

fögnum með nú hafa sýnt mikla ábyrgð. Gagnvart sjálfum sér og fjölskyldum sínum með því að ljúka því mikilvæga verkefni sem námið er. Gagnvart samnemendum sínum með því að bregðast þeim ekki í hópaverkefnum og öðru samstarfi. Í námsefninu í skólanum er líka fjallað um ábyrgð. Við viljum öll rækta með okkur ábyrgðarkennd gagnvart samborgurum okkar og náttúrunni.

Hér í Háskólanum á Bifröst viljum við byggja stjórnunarnámið okkar á tveimur meginstoðum, þjónandi forystu og norræna forystulíkaninu. Þjónandi forysta er einn af mörgum skólum í stjórnunarfræðum en við teljum að einmitt hann eigi sérlega vel við hér í skólanum og sé í mjög góðu samræmi við gildin okkar; frumkvæði, samvinnu og ábyrgð. Þótt kenningakerfið sem tengist þjónandi forystu sé ekki gömul fræði er það samt þannig að margir góðir leiðtogar hafa í gegnum söguna stjórnað í samræmi við þjónandi forystu. Segja má að kenningakerfið um þjónandi forystu sé búið til út frá því að velta því fyrir sér hvaða ástæður liggja að baki góðum árangri margra stjórnenda í atvinnulífi og í hinum opinbera geira.

Góðir leiðtogar eru alltaf bæði foringjar og þjónar. Þeir þurfa að hafa sýn á framtíðina og skynja hvernig breytingar á aðstæðum hafa áhrif. Þeir þurfa að geta komið málum á framfæri, tekið ákvarðanir og miðlað þeim eins og við á. Þeir þurfa að hafa verksvit, geta framkvæmt hlutina eða skiplagt þá og látið þá gerast. Góður leiðtogi þarf að geta hlustað á aðra og vera tilbúinn til málamiðlana. Ekki bara að fallast á málamiðlanir heldur að stíga fram og búa þær til. Góður leiðtogi þarf líka að passa upp á að ákveðin regla eða festa sé á öllum málum þannig að hlutverk hvers og eins séu ljós og að vel sé haldið utan um málin. Og góður leiðtogi þarf alltaf að vera tilbúinn til að láta að sér kveða þar sem orustan er hörðust eða mest brennur á og að láta brjóta á sér en ekki samstarfsmönnum.

En það sem gerir góðan leiðtoga að þjóni er að hann er ekki bara að hugsa um sjálfan sig heldur miklu frekar þá sem hann er að þjóna. Það geta verið viðskiptavinir fyrirtækis eða opinberrar stofnunar, samfélagið allt eða hluti þess. Og hann þarf að geta komið því til skila og vera trúr því hlutverki að skapa verðmæti í einhverjum skilningi fyrir aðra hvort heldur það eru samstarfsmenn eða viðskiptavinir. Hann þarf að geta látið samstarfsmenn sína sjá tilgang með vinnu sinni og gert þá að virkum þátttakendum í að ná settu marki. Þeir þurfa að vita í hvaða stríði þeir eru. Hann lítur ekki á þá sem undirmenn heldur félagá í liðinu og er líka að þjóna þeim og stuðla að góðum árangri þeirra. Og viðskiptavinirnir eru ekki vandamál eða andstæðingar heldur þurfa velgengni þeirra og velferð að vera raunverulegt áhugamál og baráttumál.

Sjálfur fékk ég ókeypis námskeið í þjónandi forystu þegar ég var þingmaður. Þetta var stutt námskeið en áhrifaríkt. Svona eins og köld sturta sem aldrei gleymist. Þannig var að ég hafði það hlutverk að leiða gerð stjórn málaályktunar Landsfundar Sjálfstæðisflokksins fyrir alþingiskosningarnar 1999 sem var grunnurinn að kosningastefnuskrá flokksins. Allt það starf gekk mjög vel og uppskar mikið og gott klapp á fundinum.

En svo kom að kosningabaráttunni og við Hjálmar Jónsson félagi minn hófum baráttuna á fundi á Sauðárkróki en við vorum í framboði í gamla Norðurlandskjördæmi vestra. Okkur þótti mjög viðeigandi að ég myndi fara yfir glærurnar frá Landsfundinum þar sem fjallað var um landsins gagn og nauðsynjar og það sem væri öllum almenningi fyrir bestu s.s. í hagstjórninni, skattamálum, velferðarmálum, sjávarútvegsmálum og öðrum þeim málum sem helst vörðuðu þjóðarhag. Fundarmenn sátu þolinmóðir undir þessum flutningi, virtust ekkert ofurspenntir, eins og þeir hefðu heyrt þetta allt áður og þessi mál væru í góðum höndum en klöppuðu samt kurteislega og nokkuð vel fyrir ræðunni.

Svo leið að því að fundarmenn komu með innlegg. Fékk þá orðið einn góður frændi minn, vörubílstjóri og minkabóndi, sem kenndi mér þjónandi forystu í einni setningu: „Þetta var nú allt fínt hjá þér Villi minn, en hvað ætlar þú að gera fyrir okkur?“

Eftir þetta snérist kosningabaráttan fyrst og fremst um það hvað við félagarnir ætluðum að gera fyrir kjósendur á Siglufirði, í Skagafirði og Húnavatnssýslum en minnst um hvað yrði um kjósendur fyrir sunnan eða annars staðar á landinu. Og baráttan gekk svo sem ágætlega eftir að við vorum búnir að fara á þetta námskeið í þjónandi forystu. Við urðum stærsti flokkurinn í kjördæminu.

Norræna forystulíkanið snýst um að skilja af hverju fyrirtækjum í norrænu samfélagi gengur vel og eru alþjóðlega samkeppnishæf þrátt fyrir að á Norðurlöndum séu greidd há laun, þar séu skattar háir og lengstu sumarfríin. Við Íslendingar státum okkur af því að vera í fremstu röð á ýmsum sviðum meðal þjóða heims og sama gildir um norrænar bræðraþjóðir okkar. Í öllum samanburði um velmegun og velferð eru Norðurlöndin meðal þeirra efstu.

Við viljum skilja þær ástæður sem liggja þarna að baki og byggja upp faglegan grunn hér í Háskólanum á Bifröst sem skýrir þetta út. Nokkrar ritgerðir á meistarastigi hafa verið skrifaðar sem eru fyrstu skrefin í þessari vegferð en við þurfum að nýta fleiri tækifæri fyrir nemendur og akademíska starfsmenn okkar til að láta að sér kveða á þessu sviði.

Þegar Ísland er skoðað sérstaklega kemur yfirleitt í ljós að þættir sem snúa að heilbrigði, velferð, jöfnuði, jafnrétti, heiðarleika í stjórnsýslu eða viðskiptum og innviðum í orkumálum eða samskiptum eru meðal þess sem lyftir okkur upp en efnahagslegir þættir draga okkur niður. Það hlýtur að vera eitt helsta verkefni þeirra sem veita samfélagi okkar forystu að lyfta okkur einnig á þessu sviði þannig að við náum betri

árangri við að tryggja efnahagslegar framfarir án þess að farið sé úr ökkla í eyra með reglulegu millibili.

Flestir helstu aðilar vinnumarkaðarins hafa á undanförunum árum verið að vinna að því að gera kjarasamninga að norrænni fyrirmynd þar sem byggt er á því að ná fram auknum kaupmætti á grunni lágri verðbólgu. Árangur á þessu sviði væri mikilvægt framlag til að lyfta Íslandi á hærri stall í samfélagi þjóðanna og treysta enn frekar þann grunn velmegunar og velferðar sem lagður hefur verið.

En samt virðist skorta forystu í samfélaginu sem hefur nægan styrk og kjark til að takast á við verkefnið. Eins og staðan er nú sýnist allt stefna í að sami gamli hringurinn haldi áfram þar sem við reisum okkur hurðarás um öxl og fáum svo efnahagslegan skell í framhaldinu. Við skulum líta til þess að vöxtur ferðaþjónustunnar hefur veitt ómældum tekjum inn í landið og hún er nú orðin stærri útflutningsgrein en sjávarútvegur og áliðnaður samanlagt. Þetta hefur gerst á örfáum árum og slík umbrot hafa óhjákvæmilega víðtæk áhrif í efnahagslífi okkar þar á meðal mikla hækkun á gengi íslensku krónunnar. Við skulum líka líta til þess að á síðustu þremur árum frá apríl 2014 til apríl í ár höfum við hækkað laun okkar í evrum um 64% eða um 18% á ári að meðaltali. Við finnum þetta vel þegar við ferðumst erlendis og getum lifað eins og kóngar.

Nú þegar ný lota kjarasamninga er að hefjast er rétt að spá í hversu mikið er raunhæft að ætla að laun okkar geti hækkað í evrum á næstu misserum. Skyldu ekki einhvers staðar liggja mörk þar sem kostnaðarhækkanir atvinnulífsins verða of miklar. Með sama áframhaldi munu laun hækka um 94% í evrum á fjórum árum og 128% á fimm árum. Nú er það svo að ferðaþjónustan er viðkvæmari fyrir áhrifum af innlendum kostnaðarhækkunum og hækkunum á gengi krónunnar en sjávarútvegurinn og áliðnaðurinn. Veltuaukningin hefur fleytt ferðaþjónustunni áfram hingað til. En hvenær hættir okkur að takast að

fá ferðamenn til þess að borga okkur sífelld hærra laun í evrum? Ég hygg að sú stund sé nær en margir vilja vera láta. Þá er hætt við því að við virkjum gamla lögmálið um flugeldinn sem hefur tilhneigingu til að fara niður með með svipuðum hætti og hann fór upp. Krónan og kaupmátturinn þekkja þetta lögmál af eigin raun.

Ég hef haldið því fram að það besta sem gerðist á íslenskum vinnumarkaði væri að við færum í kjarasamningabindindi. Geymdum að gera nýja kjarasamninga um einhvern tíma til dæmis í þrjú til fjögur ár og leyfðum efnahagslífinu, fyrirtækjunum, opinberum stofnunum og vinnumarkaðnum að jafna sig og aðlagast stöðunni eins og hún er. Óháð því hvar fólk er í launastiganum liggur fyrir að kaupmáttur og lífskjör hafa batnað meira á undanförunum árum en reikna mátti með. Og það er líka athyglisvert að almennt virðast launakröfur nú taka mið af samanburði við aðra hópa en ekki því að kaupmáttur hafi brugðist væntingum. Og svo er uppi sú staða að hver og einn hópur vill vera sjálfstæður og segist ekki koma við hvað aðrir gera. En samt vill hver og einn styrkja stöðu sína gagnvart öðrum.

Ég hef spjallað við ýmsa gamla féлага á vinnumarkaði og engan hitt sem telur líklegt að launahækkanir í gamla stílnum verði til þess að bæta kaupmátt eða lífskjör þegar upp er staðið. Heldur að líklegasta leiðin til að tryggja hag allra sé að bíða með alla kjarasamninga um einhvern tíma. Þá væri meira að segja raunverulegt svigrúm til lækka vexti sem er mikið hagsmunamál margra einstaklinga og fyrirtækja.

Ég er að tala um þetta hér við ykkur kærar útskriftarnemar vegna þess að við horfum núna upp á stöðu sem sýnir hvað gerist þegar forystan í samfélaginu er ekki nægilega sterk til að ná fram því sem væri í raun allra hagur, að vinna gegn nýrri kollsteypu í efnahagslífinu. Það vantar þjónandi forystu sem hefur kjark og vilja til að berjast fyrir þessu



hagsmunamáli alls almennings. Ég er ekki að benda á neinn einn einstakling eða fáa. Ég er að fjalla um breiðan hóp.

Ég tala um þetta við ykkur ágætu Bifrestingar vegna þess að ég á þá ósk fyrir ykkur að þið megið eflast að framsýni og getu þegar þið farið að láta til ykkar taka í atvinnulífinu og samfélaginu. Að þið fáið innri styrk til að gera það sem þarf til láta gott af ykkur leiða á hvaða vettvangi sem þið vinnið. Að forysta verði ykkar fag og árangur fyrir samfélagið verði ykkar ástríða.

Kæru vinir.

Engin lognmolla er í skólanum okkar nú frekar en fyrri daginn. Skólastarfið gengur almennt mjög vel og við höfum treyst stöðu okkar sem gæðaskóli. Fyrir um tveimur vikum síðan fengum við heimsókn frá fulltrúum Gæðaráðs íslenskra háskóla. Þar var rætt um skýrslu okkar um gæðastarfið í skólanum sem við lögðum fram í lok apríl. Allt annar bragur er nú á þessum heimsóknum en áður. Við höfum verið að sækja fram í gæðum skólastarfsins og okkur er mjög umhugað um að halda áfram á sömu braut. Nú erum við til dæmis að gera sérstaka úttekt á gæðum netfyrirlestra í skólanum. Viðskiptadeild reið á vaðið og síðan verður haldið áfram.

Aðsókn að skólanum næsta haust stefnir í að verða vel viðunandi. Sérstaklega er góð aðsókn í meistaranámið okkar og hópurinn sem kemur nýr inn næsta haust verður væntanlega sá stærsti sem við höfum séð.

Ákvörðun hefur verið tekin um að sameina Félagsvísindadeild og Lagadeild í eina deild sem mun heita nafni sem varla kemur á óvart, Félagsvísinda- og lagadeild. Þetta er gert til að styrkja faglegt starf í félagsvísindum og lögfræði en ekki til að spara fé. Við vonum að þetta eigi að verða til að styrkja skólann.

Fjármál skólans eru erfið og hafa verið það og verða það örugglega áfram. Ég ætla samt ekki að kvarta undan þeim kæru vinir á þessari hátíðarstund. Vil bara segja að við erum ekkert að gefast upp og höldum áfram að berjast ótrauð fyrir skólann okkar til að fleyta honum með miklu afli inn í aðra öldina í sögu hans.

Næsta haust hefur stjórn skólans ákveðið að boða til mikils stefnumótunarfundar hér á Bifröst. Vonast er eftir breiðri þátttöku úr hópi aðstandenda skólans, starfsfólki og nemendum. Þar viljum við leita svara við grunvallarspurningum um framtíð skólans til þess að fá vegarnesti og stuðning í vegferð okkar næstu árin. Við vonumst til þess að þessi fundur verði til þess að styrkja innviði skólans og samstöðu okkar allra. Stjórn skólans með Leif Runólfsson, formann, í fararbroddi og Fulltrúaráðið hafa verið skólanum afar mikilvægir bakhjarlar og veitt okkur öllum ómetanlegan stuðning.

Þið sem útskrifist hér í dag hafið lagt mikið á ykkur og eigið allt það skilið sem þið hafið öðlast hér í Háskólanum á Bifröst. En við skulum líka muna að allt starfsfólkið hér í skólanum, kennarar og annað starfslið hefur líka lagt mikið á sig til þess að við getum öll átt þessa stund saman.

Háskólinn á Bifröst er ótrúlega lánsamur með starfsfólk sem er vakið og sofið yfir því starfi sem hér er unnið. Ég vil sérstaklega færa starfsfólki okkar þakkir fyrir vel unnin störf og óeigingjarnt framlag sitt. Þjónandi forysta er inngróin í starfslið skólans leyfi ég mér að segja.

Við skulum ganga út í sumarið stolt og bjartsýn. Útskriftarnemarnir okkar hafa sýnt að með áræðni, ástundun og seiglu er hægt að komast langt. Og þau munu halda áfram. Þau ætla lengra. Við bíðum spennt eftir þeim afrekum sem þau eiga eftir að vinna.

Kæru útskriftarnemar. Á morgun koma nýjar skyldur og ný verkefni. Þið hafið sett ykkur á nýjan stað í lífinu. Þess vegna skulið þið fagna í dag. Framtíðin er ykkar.